

## STJÓRN ORKUVEITU REYKJAVÍKUR

Ár 2022, mánudaginn 26. september kl. 13:00 var haldinn 322. fundur í stjórn Orkuveitu Reykjavíkur. Fundurinn var haldinn á Bæjarhálsi 1, og um fjarfundarbúnað.

Fundarfólk: Gylfi Magnússon, Eyþór Laxdal Arnalds, Vala Valtýsdóttir, Kjartan Magnússon, Páll Gestsson í fjarveru Brynhildar Davíðsdóttur, Valgarður Lyngdal Jónsson, Halldóra Lóa Þorvaldsdóttir, Björn Gíslason að hluta og Unnur Líndal, áheyrnarfulltrúi starfsfólks. Halldóra Lóa og Unnur tóku þátt um fjarfundabúnað.

Einnig tók Bjarni Bjarnason, forstjóri þátt í fundinum.

Fundarritari var Elín Smáradóttir.

### Þetta gerðist:

1. Fundargerð SF 321 lögð fram og samþykkt. Fundargerðin verður send til rafrænnar undirritunar stjórnar.
2. Klukkan 13:10 mættu Benedikt Kjartan Magnússon, framkvæmdastjóri fjármála, ásamt Bjarna Frey Bjarnasyni, aðstoðarmanni framkvæmdastjóra og kynntu stöðu fjármögnunar.

Benedikt kynnti forsendur og fjárhagsspá samstæðu Orkuveitu Reykjavíkur fyrir árið 2023 og langtímaspá árána 2024-2027.

Klukkan 13:15 mætti Sólrún Kristjánsdóttir, framkvæmdastýra Veitna til fundarins og kynnti fjárhagsspá félagsins. Sólrún yfírgaf fundinn kl 13:45.

Klukkan 13:45 mætti Berglind Rán Ólafsdóttir, framkvæmdastýra Orku náttúrunnar, á fundinn og kynnti fjárhagsspá félagsins og ON Power. Berglind Rán yfírgaf fundinn kl 14:00.

Klukkan 14:05 mætti Edda Sif Aradóttir, framkvæmdastýra Carbfíx ohf. og kynnti fjárhagsspá félagsins og Coda Terminal.

Kjartan Magnússon mætti til fundarins kl 14:20. Björn Gíslason yfírgaf þá fundinn.

Lögð fram svohljóðandi tillaga, dags. 26.02.2022 um brúarfjármögnun Carbfíx. Tillögunni fylgir greinargerð.

*Stjórn Orkuveitu Reykjavíkur (OR) heimilar að OR veiti Carbfíx ohf. og síðar Carbfíx hf. skammtímalán allt að 2.000 m.kr vegna rekstrar og framkvæmda á síðari hluta ársins 2022 og á árinu 2023 þar til áformuð hlutafjárukning félagsins gengur eftir. Framangreind heimild nær einnig til undirritunar allra skjala og gagna sem heimildin nær til .*

Tillagan samþykkt samhljóða.

Klukkan 14:55 mætti Erling Freyr Guðmundsson, framkvæmdastjóri Ljósleiðarans til fundarins og kynnti fjárhagsspá félagsins. Benedikt Kjartan Magnússon vék af fundi á meðan Erling kynnti spána.

Klukkan 15:15 yfírgaf Erling Freyr fundinn og Benendikt kom aftur inn og kynnti áætlun móðurfélags og samstæðu OR.

Afgreiðslu spárinnar frestað til aukafundar stjórnar, sem haldinn verður 3. september nk. kl. 13.00.

3. Eyþór Arnalds og Gylfi Magnússon lögðu fram og kynntu minnisblað, dags. 20. september 2022 um fyrirhugaða fjármögnun Ljósleiðarans. Umræður.
4. Forstjóri lagði fram og kynnti skýrslu sína um starfsemina á milli stjórnarfunda, dags. 22.09.2022. Umræður. Forstjóri óskar bókað:

*Fyrsta mars á næsta ári eru 12 ár liðin síðan ég tók við starfi forstjóra Orkuveitu Reykjavíkur. Það er vilji minn að láta af starfi forstjóra á þeim tímamótum. Með því að boða starfslok mín með góðum fyrirvara vil ég gefa stjórn OR tækifæri til að hefja leit að eftirmanni, konu eða karli.*

*Nýtt kjörtímabil er nú hafið og ný stjórn tekur senn við taumunum í Orkuveitu Reykjavíkur. Ný stjórn mun væntanlega hefja vegferðina með stefnumótun fyrir Orkuveitusamstæðuna til næstu ára. Ég tel mikilvægt að hún fái tækifæri til að vinna það verk með eftirmanni mínum. Að öllu samanlögðu tel ég þetta því vera rétta tímann fyrir mig og fyrir Orkuveitu Reykjavíkur að ég stígi til hliðar. Ég óska því eftir samþykki stjórnar OR fyrir því ferli sem ég hef lýst hér að framan.*

Stjórn þakkar góðan fyrirvara, sem gefst til að finna nýjan forstjóra fyrirtækisins og fellst á það ferli sem forstjóri leggur til.

Jóhannes Karl Sveinsson, lögmaður mætti til fundarins kl. 16:15 og greindi frá stöðu samningaviðræðna varðandi bætur til fyrrverandi starfsmanns Orku náttúrunnar. Jóhannes Karl yfirgaf fundinn kl 16:25.

5. Klukkan 16:35 mættu Hera Grímsdóttir, framkvæmdastýra Rannsóknna og nýsköpunar ásamt Þránni Friðrikssyni, sérfræðingi í jarðvísindum til fundarins og kynntu Stefnuverkefni: Vegvísir að foröflun hitaveitu höfuborgarsvæðisins 2022-2122. Umræður.
6. Klukkan 16:55 mætti Hallur Símonarson innri endurskoðandi til fundarins, lagði fram og kynnti minnisblað innri endurskoðanda, dags. 20.09.2022.  
Einnig lagt fram minnisblað frá LEX lögmannstofu, dags. 22.09.2022.
7. Lagðar fram upplýsingar frá Carbfix ohf., sem óskað var eftir á SF 321.
8. Lagt fram minnisblað um stöðu umhverfismælikvarða, dags. 22.09.2022 og um stöðu forðagæslu, dags. 21.09.2022.
9. Rýni stefna: Frestað.
10. Lagðar fram til upplýsinga, fundargerðir og minnisblöð framkvæmdastjóra dótturfélaga Orkuveitu Reykjavíkur.

*Minnisblað framkvæmdastýru Orku náttúrunnar ohf. dags. 19.06.2022 og 14.09.2022  
Fundargerð stjórnarfundar Orku náttúrunnar ohf. dags. 17.08.2022  
Minnisblað framkvæmdastýru Carbfix ohf. dags. 19.09.2022  
Fundargerð stjórnarfundar Carbfix ohf. dags. 17.08.2022  
Minnisblað framkvæmdastjórnar Veitna ohf. dags. 22.09.2022  
Fundargerð stjórnarfundar Veitna ohf. dags. 18.08.2022  
Minnisblöð framkvæmdastjóra Ljósleiðarans ehf. dags. 22.06, 17.08 og 21.09.2022  
Fundargerðir stjórnarfundar Ljósleiðarans ehf. dags. 19.08.2022 og 29.08.2022*

11. Önnur mál.

Fleira gerðist ekki.

**Fundi slitið kl. 17:30.**

**Næsti reglulegi fundur stjórnar verður haldinn þann 24. október 2022.**

Gylfi Magnússon,  
Vala Valtýsdóttir, Eyþór Laxdal Arndals, Kjartan Magnússon, Björn Gíslason, Páll Gestsson,  
Valgarður Lyngdal Jónsson, Halldóra Lóa Þorvaldsdóttir.

# Undirritunarsíða

Gylfi Magnússon

Eyþór Laxdal Arnalds

Valgarður Lyngdal Jónsson

Halldóra Lóa Þorvaldsdóttir

Bjarni Bjarnason

Elín Björg Smáradóttir

Vala Valtýsdóttir

Kjartan Magnússon

Páll Gestsson

Björn Gíslason